

**Leiðbeiningar við gerð áætlunar um trygga umsjá barns skv. 1.mgr. 33. gr.
barnaverndarlaga og 25. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr.
56/2004**

Eftirfarandi liðir þurfa að koma fram í 33. greinar áætlun um trygga umsjá barns.
Barnaverndarstofa mælir með því að uppsetning áætlunar sé með eftirfarandi hætti:

1. Nafn barns og nöfn forsjáraðila, kennitölur og heimilisföng (a-liður 25. gr.)
2. Ákvörðun um vistun og fyrirhuguð tímalengd vistunar (b-og f-liðir 25. gr.)
3. Umsjá/forsjá (c-liður 25. gr.)
4. Hvers konar vistun er fyrirhuguð (e-liður 25. gr.)
5. Markmið með vistun (d-liður 25. gr.)
6. Stuðningur við barnið og aðra (g-liður 25. gr.)

Einnig þarf að dagsetja áætlun og starfsmaður þarf að skrifa undir hana.

Leiðbeiningar við einstaka liði:

(Ath: Þegar fyrirhuguð er að barn fari á meðferðarheimili þarf ekki að telja upp þann stuðning sem veita á þar heldur er nóg að vísa til þeirrar þjónustu sem meðferðarheimilið mun veita).

1. Nafn barns og nöfn forsjáraðila, kennitölur og heimilisföng (a-liður 25. gr.)

Mikilvægt er að fram komi upplýsingar bæði um báða foreldra barns og hvort foreldrar fara með forsjá eða ekki.

2. Ákvörðun um vistun og fyrirhuguð tímalengd vistunar (b-og f-liðir 25. gr.)

Hér þarf að koma fram:

- Á hvaða lagagrundvelli er barnið vistað (skv. 25. gr., 27. gr., 28. gr. eða 29. gr. bvl.).
- Hvenær var ákvörðunin tekin.
- Hvenær vistun á að hefjast og hvenær henni á að ljúka.

3. Umsjá/forsjá (c-liður 25. gr.)

Taka þarf fram hvar forsjá á að vera á meðan vistun stendur, hverjir eigi að vera umsjáraðilar barns og hverjir bera ábyrgð á barninu meðan á meðan vistun stendur.

Taka fram fjölda heimsókna barnaverndarnefndar á vistunarstað, hvernig umgengni við kynforeldra eða aðra er fyrirhuguð.

Taka fram hvernig upplýsinga verður aflað um hvernig gengur (svo sem með samráðsfundum og þá með hverjum fundirnir eru og hversu oft á að halda þá).

4. Hvers konar vistun er fyrirhuguð (e-liður 25. gr.)

Tilgreina þarf tegund vistunar, þ.e. á meðferðarheimili, 84. gr. úrræði eða fóstur (og þá hvers konar fóstur; tímabundið, varanlegt eða styrkt).

Mikilvægt er að undirbúa vistun vandlega svo markmið hennar náist, sbr. 19. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004. Því er æskilegt að í áætlun komi jafnframt fram:

- Hvernig á að undirbúa vistun, svo sem með heimsóknum barns á fósturheimili/meðferðarheimili. Sérstaklega þarf að vanda undirbúning komu barns á fósturheimili, eftir atvikum með nokkrum heimsóknum barns á heimilið og samskiptum við fósturforeldra áður en fóstur hefst. Einnig þarf að fjalla um hvers konar upplýsingar og fræðslu á að veita vistunaraðilum um vanda, umönnunar- og meðferðarþörf barns áður en vistun hefst, t.d. frá fagaðilum barnaverndarnefndar, öðrum fagaðilum eða meðferðarstofnunum
- Ef barn á að fara í styrkt fóstur þarf að koma fram hvort gera þarf skrifleg öryggisplön, með aðkomu fagaðila, lögreglu eða annarra, vegna veru barnsins á fósturheimilinu.

Ef upplýsingar um undirbúning vistunar eða öryggisplön koma ekki fram í 33. gr. áætlun þurfa þær að koma fram í umsókn um fósturheimili.

5. Markmið með vistun (d-liður 25. gr.)

Markmið eiga að vera í samræmi við niðurstöðu könnunar/mat á árangri síðustu áætlunar skv. 23. gr. bvl. Niðurstaða könnunar / mat á árangri byggir á mati og greiningum annarra fagaðila eða stofnana og er í samræmi við faglegt mat barnaverndarstarfsmanna.

EKKI á að endurtaka niðurstöður könnunar hér heldur skulu þær upplýsingar vera í áætlun skv. 23. gr. bvl. Markmið áætlunar skv. 33. gr. eru ávallt nánari útfærsla á ákveðnum markmiðum sem koma fram í áætlun skv. 23. gr.

6. Stuðningur við barnið og aðra (g-liður 25. gr.)

Stuðningur skal ákveðinn með hliðsjón af þeim markmiðum sem unnið er að á meðan vistun stendur. Stuðningurinn í máli á að vera í samræmi við og til þess fallinn að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að með vistun, sbr. 5. lið.

Hér þarf að telja upp þann stuðning sem á að veita á meðan vistun stendur miðað við þarfir barns eins og þær eru metnar út frá niðurstöðu könnunar. Fjalla þarf um hvernig árangur verður metinn af hverju og einu úrræði/inngrípi/þjónustubætti. Þetta á sérstaklega við um styrkt fóstur en einnig um aðrar vistanir. Dæmi um stuðningsúrræði í 33. gr. áætlun:

a. Meðferðarviðtöl fyrir barn

Svo sem viðtöl við sálfræðing, geðlækni, í Barnahúsi, á BUGL o.s.frv.

b. Sérstök þjálfun barns

Svo sem vegna röskunar á einhverfurófi eða annarra þroskaraskana, (félags)færniþjálfun, sjúkra-/iðjuþjálfun, talþjálfun o.s.frv.

c. **Heilbrigðisþjónusta við barnið**

Svo sem stuðningur við barn frá BUGL (ef ekki komið fram áður) eða aðrar deildir sjúkrahúss, lyfjameðferð, tannlæknar o.s.frv.

d. **Sérstakur stuðningur við barn í skóla**

Stuðningsfulltrúi, námsstuðningur, sérkennsla, fagteymi í skóla.

e. **Handleiðsla við fósturforeldra**

- Undirbúningur fósturforeldra áður en barn kemur á fósturheimilið (ef ekki komið fram áður).
- Almenn handleiðsla eða annar stuðningur við fósturforeldra á meðan fóstri stendur.
- Sérhæfð handleiðsla við fósturforeldra frá sérfræðingi á sviði þess vanda sem barn glímir við.

f. **Aukið vinnuframlag fósturforeldra**

Ef umönnunarpörf barns sem fara á í styrkt fóstur er metin þannig að þörf sé talin á auknum greiðslum til fósturforeldra vegna aukins vinnuframlags skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um fóstur þarf að taka fram hvaða skilyrðum þær greiðslur verða háðar, þ.e. í hverju aukna vinnuframlagið felst og hvort þörf er á sérstakri þjálfun, menntun eða aukinni handleiðslu til fósturforeldra. (Barna-verndarstofa og barnaverndarnefnd ákveða síðan í sameiningu í fóstursamningi hvort um auknar greiðslur verður að ræða og hver ofangreind skilyrði skulu vera).

g. **Annar stuðningur við barn, kyn- eða fósturforeldra**

Gæti varðað fyrirhugaðar hvíldarinnlagnir barns og/eða stuðning við barn og kynforeldra meðan á heimsóknum og aðlögun barns að heimili þeirra stendur, eflingu á foreldrafærni eða meðferð kynforeldra (svo sem sálfræðimeðferð, geðlæknismeðferð, meðferð vegna fíknivanda) o.s.frv.

Við hvert ofangreindra atriða þarf eftir því sem við á að taka fram:

- *hvernig* stuðningur er veittur (til dæmis símtöl, skype, heimsókn, viðtöl, o.s.frv.)
- *hvar* stuðningurinn er veittur (á heimili fósturforeldra og/eða kynforeldra eða annars staðar, s.s. í skóla eða heilbrigðisstofnun)
- *hverjir* veita stuðninginn og taka þátt í þjónustunni (s.s. hvort og hvernig fósturforeldrar og/eða kynforeldrar barns verði þátttakendur). Ef fósturforeldrar eða kynforeldrar eru ekki beinir þátttakendur í stuðningi eða meðferð við barn er mikilvægt að tilgreina hvort og hvernig þau verði upplýst um áhrif stuðnings eða meðferðar á líðan og hegðun barns svo þau geti brugðist við fyrirsjáanlegum breytingum með viðeigandi hætti.
- *hve oft* stuðningurinn skuli inntur af hendi (vikulega, mánaðarlega o.s.frv.)
- *hve lengi* stuðningur á að vara
- *hvað tekur við* ef stuðningi er ætlað að vara skemur en tímabil áætlunar
- *hvernig* árangur verður metinn